

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húsavíkurbæ árið 2004.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald árið 2004, sem heimilt er að innheimta með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald kr. 12.600 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki og rekstraraðilar:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

kr.

Flokkur a)	15.000
Flokkur b)	30.000
Flokkur c)	60.000
Flokkur d)	120.000
Flokkur e)	240.000
Flokkur f)	480.000
Flokkur g)	960.000

C) *Frístundahús:*

Sorpeyðingargjald kr. 2.600 á hús.

D) *Lögbýli:*

Sorpeyðingargjald kr. 18.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum og rekstraraðilum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. janúar 2004 með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541 frá 25. júlí 2000 og gildir fyrir árið 2004.

Húsavík, 20. janúar 2004.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir sérstakt búfjárefirlit í Hörgárbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.